

Þriðjudaginn 27. júní 1989.

Nr. 231/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni.

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ákærði hefur með heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989. Verður að skýra kæru hans svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Dómsmálaráðherra skipaði 7. júní 1989 Braga Steinarsson vara-ríkissaksóknara til þess samkvæmt 22. gr. laga nr. 74/1974 að gegna störfum ríkissaksóknara í þeim málum ákærða, sem hér eru til meðferðar og nú hafa verið sameinuð. Í greinargerð til Hæstaréttar 19. þ.m. krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í kæru sinni segir ákærði meðal annars: „Geðrænt ástand mitt í dag skiptir engu máli. Sakhæfi mitt í dag viðurkenni ég. Sjálfur Hæstiréttur hefur metið mig hæfan í dag til að verja mig sjálfur. Vararíkissaksóknari getur ekki mælt fyrir um endurupptöku þessara mála. Hann er dæmdur óhæfur til þess.“

Samkvæmt framangreindu skipunarbréfi fer Bragi Steinarsson sem sérstakur ríkissaksóknari nú alveg og á sína ábyrgð með saksókn þessara mála af hálfu ákærvalds. Ekkert er fram komið um vanhæfi hans í því efni.

Eins og rakið er í dómi Hæstaréttar 29. maí sl. í málinu nr. 14/1989 og í hinum kærða úrskurði, þykir rétt, að frekari rannsókn fari fram á þeirri varnarástæðu ákærða, að hann hafi ekki verið sakhæfur á þeim tíma, er ákærur málsins taka til. Héraðsdómara var þó ekki skylt samkvæmt fyrrgreindum hæstaréttardómi að ákveða strax í upphafi málsmeðferðar, að ákærði skyldi sæta geðrannsókn, eins og fram kemur í bréfi hans til ákærða 13. júní sl. Rannsókn í þessu efni gat farið fram með öðrum hætti, svo sem

með því að senda gögn málsins, er varða sakhæfi ákærða, til sérfræðings, er gæfi umsögn um sakhæfið á grundvelli þeirra og viðtala við ákærða, ef kostur væri, eða með því að kalla þá sérfræðinga fyrir dóm, sem áður hafa stundað ákærða.

Ákærði sinni ekki kvaðningu um að koma fyrir dóm og kom því ekki fyrir dómara þann, sem nú fer með mál þetta, áður en hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Telja verður, að eðlileg málsmeðferð hefði verið, að ákærði kæmi fyrir dóm, áður en dómari legði mat á, hvernig heppilegast væri að standa að rannsókn á geðhögum ákærða og hvort skipa skyldi honum verjanda.

Dómara var því rétt að hlutast til um, að ákærði kæmi fyrir dóminn, áður en hann kvað upp úrskurð sinn.

Með hliðsjón af framansögðu þykir verða að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp þessi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Herði Ólafssyni.

Málavextir.

Mál þetta var höfðað á hendur ákærða með þremur ákæruskjölum, 4. mars og 12. nóvember 1987 og 6. október 1988, fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur, alls 21 brot á árunum 1986-1988. Gengu tveir dómar í málunum í héraði, 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989. Með dómum Hæstaréttar 29. f.m. voru héraðsdómarnir ómerktir og málunum vísað heim til meðferðar að nýju. Var málunum þá úthlutað að nýju öðrum dómara.

Í máli þessu, sem nú verður rakið í einu lagi, liggja fyrir tvö læknisvottorð um geðhagi ákærða, dagsett 18. október 1984 og 14. apríl 1986. Í hinu fyrra, sem Sigmundur Sigfússon yfirlæknir hefur gefið, segir, að ákærði hafi verið haldinn „maníó-depressivum“ sjúkdómi í allmörg ár, hann virðist vera „þorrinn að andlegum kröftum“ og að greind hans hafi við ýtarlega sálfræðilega athugun virst vera „skert og illa starfhæf af völdum geðræns ástands“. Auk þessa taldi læknirinn nokkrar líkur benda til þess, að hjá ákærða væri byrjað að gæta „organískrar dementíu“. Þá er ákærði talinn vera álkóhólisti.

Hjá ákærða sjálfum hefur komið fram, að honum „hafi ekki verið sjálf-rátt“ (sbr. dskj. nr. X, 9.4.1987), að hann sé ekki „með fullu viti“ og að hann skorti „alla dómgreind“ (sbr. dskj. nr. XII, 15.6.1987), og loks, að hann „hafi verið geðveikur og því ósakhæfur á þeim tíma, sem máli skiptir“ (sbr. dskj. nr. XXXVI, 2.11.1988).

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 14/1987 segir, að fyrirbyggjandi gögn í málinu um geðhagi ákærða séu ófullnægjandi og að rétt hefði verið að hlutast til um frekari rannsókn um þá. Þá segir þar enn fremur og í dóminum í málinu nr. 67/1989, að ekki sé tekin afstaða til þess, hvort rétt eða skylt hafi verið að skipa ákærða verjanda.

Dómarinn ritaði ákærða bréf í gær og tilkynnti honum um þinghald þetta og að hann teldi skylt samkvæmt hæstaréttardómunum, að ákærði sætti geðrannsókn, til þess að meta mætti sakhæfi hans og hæfi til þess að fara með mál sitt sjálfur. Var honum tjáð, að úrskurðað yrði um málefnið án frekari fyrirvara, kæmi hann ekki til þings. Ákærði hefur ekki sótt þing, og engar athugasemdir hafa borist frá honum, en í gær barst dómaranum frá honum svohljóðandi símskeyti: „Vísu til boðunar yðar rétt í þessu um, að ég mæti í fyrramálið. Tími minn er ásettur þessa viku, en sú næsta svo til laus.“

Niðurstaða.

Að öllu þessu athuguðu þykir vera brýnt, áður en áfram er haldið með málið, að ákærði sæti geðrannsókn, til þess að meta megi annars vegar sakhæfi hans, en hins vegar hæfi hans til þess að fara sjálfur með mál þetta.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti geðrannsókn, svo að meta megi sakhæfi hans og hæfi til þess að fara sjálfur með mál þetta.